

Hugum að velferð barna

Íslendingar standa nú á miklum tímamótum sem hafa víðtæk áhrif á unga sem aldna. Mikilvægt er að huga sérstaklega að velferð barna og unglinga á þessum tímum.

Höfum í huga:

Jákvæð samvera barna með fjölskyldunni skapar öryggi.
Börnin þurfa að finna að á þau sé hlustað og að þeirra nánustu séu ekki í hættu
Höldum fjölskylduvenjum og festu þó að mikið gangi á í samfélaginu.
Notum matartíma fjölskyldunnar til að sinna þörfum barnanna fyrir jákvæða athygli.
Ræðum á yfirvegaðan hátt að fjármálakreppan er tímabundin.
Útskýrum fyrir börnunum að framtíðin er björt þótt á móti blási í dag.
Verum góð fyrirmynd þegar kemur að vanda og lausnum.
Styðjum börnin til þess að takast á við mótlæti á uppbyggjandi hátt
Hlúum vel að þeim sem okkur þykir vænt um

Verum þess minnug að hér er um tímabundna erfiðleika að ræða sem við Íslendingar munum vinna okkur í gegnum. Miklu máli skiptir að við tökumst á við þessa erfiðleika þannig að við byggjum á styrkleikum okkar og leggjum áherslu á baráttugleði, bjartsýni og samkennd.

**Landlæknir, Lýðheilsustöð, Umboðsmaður barna,
Barnaverndarstofa, Barna- og unglingsdeild Landspítala–BUGL,
Vinnueftirlitið, Heilbrigðismálaráðuneytið
Menntamálaráðuneytið og Félagsmálaráðuneytið**